

BORGARRÁÐ 12. mars 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað við framleiðslu metans - R200300116

Í framhaldi af bókun meirihlutans í borgarstjórn við tillögu Flokks fólksins um að selja metan á kostnaðarverð vöknudu nokkrar spurningar sem Flokkur fólksins vill fá svör við. Í bókun segir að tillaga Flokks fólksins hafi verið vanhugsuð og að með henni hafi borgarfulltrúi Flokks fólksins verið að leggja til að SORPA bs. gefi metan þar sem aðeins væri rukkað fyrir flutning. Segir í bókun „að það sé engan veginn kostnaðarlaust að framleiða metan og geyma og koma upp viðeigandi yfirbyggingu í kringum starfsemina. Þar fyrir utan gæti tillagan, ef hún næði fram að ganga, brotið í bága við samkeppnislög sem banna fyrirtækjum í markaðsráðandi stöðu að selja vörur undir kostnaðarverði og raska þannig samkeppni“.

Vegna ofangreindar bókunar vill Flokkur fólksins leggja fram eftirfarandi fyrirspurnir. 1. Hver er kostnaður við að „framleiða metan og geyma“ og leiða það að brennslustað? 2. Hver er kostnaður við „viðeigandi yfirbyggingu“ við að safna metani á urðunarstað, geyma og brenna síðan á báli? 3. Hve mörgum kg af metani er brennt árlega á báli? (nota má aðrar einingar svo sem lítra undir ákveðnum þrýstingi, eða rúmmetra undir ákveðnum þrýstingi) 4. Hefur stjórn Sorpu kannað hvort það brjóti á bága við samkeppnislög að selja metan fyrir þeim kostnaði sem fylgir því að koma því til neytenda